

Dalvíkurskóli

**Bekkjarnámskrá 2. bekkjar
skólaárið 2016-2017**

Umsjónarkennarar

Elsa Austfjörð, Harpa Rut Heimisdóttir og Kolbrún

Einarsdóttir

Teymiskennsla

Í Dalvíkurskóla er teymiskennsla sem byggist á því að tveir til þrír árgangar vinna töluvert saman og nokkrir umsjónarkennarar bera sameiginlega ábyrgð á nemendum. Nemendur 1. og 2. bekkjar mynda eitt teymi og er þeim ýmist kennt í árgangaskiptum hópum eða blönduðum, bæði í bóklegum- og verklegum námsgreinum. Þrír umsjónarkennarar bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum 1. og 2. bekkjar þó þeir skipti nemendahópnum á milli sín og hafi yfirumsjón með ákveðnum nemendum.

Íslenska

Kennarar: Elsa Austfjörð, Harpa Rut Heimisdóttir og Kolbrún Einarsdóttir

Vikustundir: 400 mínútur.

Hæfniviðmið: Stefnt er að því að nemendur geti:

Talað mál, hlustun og áhorf:

- beitt skýrum og áheyrilegum framburði
- tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu
- sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið
- hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni
- átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi

Lestur og bókmenntir

- beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr
- nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi
- tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess
- valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings
- lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum

Ritun:

- dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega
- samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð
- beitt einföldum stafsetningareglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi
- skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda

Málfræði:

- beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska
- þekkt og fundið helstu einingar málsins svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein
- raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag
- gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða
- leikið sér með orð og merkingu þeirra svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki

Námsefni: Lestrarbækur við hæfi hvers og eins, bækur af skólabókasafni, fjölbreyttir gæðatextar, *Ritrún*, skriftaræfingar, verkefni frá kennurum, námsspil og aukaefni eftir þörfum.

Inntak náms og kennslutilhögun: Íslenskukennsla í yngstu bekkjunum byggir á aðferðum Byrjendalæsis. Sú kennsluaðferð skiptist í þrjú þrep. Á fyrsta þrepi er gæðatexti lesinn og ræddur auk þess sem nýr orðaforði er lagður inn. Á öðru þrepi er unnið með lykilorð, bókstafi, orðalista og fleira á ýmsa vegu. Á þriðja þrepi er unnið að enduruppbyggingu texta til dæmis með teikningu, frásögnum, ritun og leikrænni tjáningu. Tekinn er fyrir einn gæðatexti á viku en ef efnið bíður upp á meiri vinnu er sami texti notaður í tvær vikur eða lengur. Unnið verður með fjölbreytt verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi og örva nemendur til lestrar, umræðna og ritunar. Verkefni eru ýmist unnin einslega, í paravinnu eða hópvinnu og er leitast við að mæta þörfum hvers einstaklings með verkefnum við hæfi. Haldið verður áfram að innleiða lestrarþjálfunaraðferðina PALS á þessu skólaári. PALS er viðbót við hefðbundna lestrarkennslu að því leiti að nemendur vinna í þörum með mismunandi hlutverk. Lestur og tungumálið lærist þannig í gegnum virk og markviss samskipti barna. Íslenskuvinnan er samþætt samfélags- og náttúrugreinum að miklu leyti og textar valdir með hliðsjón af því. Haldið er áfram þeirri snemmtæku íhlutun sem hófst í 1. bekk hjá ákveðnum nemendum ef þörf er á. Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta, orðalista og stök orð, sem og umræðum eða sögugerð, spilamennsku og fleiru. Nemendur fá auk þess tækifæri til yndislestrar á hverjum degi, þar sem þeir geta ýmist lesið í lestrarbókum sínum eða í bókum sem eru til afnota í skólastofunni.
- *Lýðræði og mannréttindi* og *jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda, sem og ýmsum textum og umræðuefnum sem unnið verður með. Jafnframt fá nemendur stundum val um viðfangsefni sem og hvernig þeir vilja leysa ákveðin verkefni.
- *Sjálfbærni* tengist umræðum um ýmis álitamál, þar sem nemendur taka til dæmis afstöðu með eða á móti eða velta fyrir sér kostum og göllum.

- *Heilbrigði og velferð* tengist félagslegri vellíðan og tjáningu nemenda, að hafa sjálfstraust til að tala, leika og lesa upp fyrir aðra, að geta tjáð sig á góðri íslensku og fleira.
- *Sköpun* tengist sögu- og ljóðagerð nemenda, sem og þegar þeir myndskreyta verk sín og taka þátt í leikrænni tjáningu.

Heimanám: Farið er eftir heimanámsáætlun úr skólanámskrá Dalvíkurskóla en samkvæmt henni skulu nemendur í 2. bekk lesa daglega í lestrarbókum sínum í 10 mínútur að lágmarki og leysa eitt verkefni sem tekur um 15 - 20 mínútur að leysa. Þegar heimanámsverkefnið tengist íslensku mun það gjarnan tengjast þeim texta sem er verið að vinna með í Byrjendalæsinu þá vikuna og meðal annars fela í sér skriftaræfingar, sögugerð, lesskilning og málfræði. Nemendur fá heimanám vikunnar afhent á mánudegi og skila því aftur í síðasta lagi á mánudegi, viku síðar.

Námsmat: Í yngstu bekkjum skólans er námsmat ekki gefið í tölum heldur með skriflegum umsögnum, þar sem hæfniviðmið aðalnámskrár eru höfð að leiðarljósi. Í íslensku eru gátlistar notaðir sem og stuttar kannanir sem ýmist eru verklegar, munnlegar eða skriflegar. Staðlaða prófið *Lesferill* er lagt fyrir nemendur þrisvar sinnum yfir skólaárið og haldið áfram með snemmtæka íhlutun ef þörf er á. Nemendur safna verkefnum í námsmöppu allan veturinn og á haustönn er sérstaklega lagt mat á líðan, hegðun og samskipti nemenda í skólanum.

Stærðfræði

Kennarar: Elsa Austfjörð, Harpa Rut Heimisdóttir og Kolbrún Einarsdóttir

Vikustundir: 240 mínútur.

Hæfniviðmið: Stefnt er að því að nemendur geti:

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði
- leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, nota áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar

- notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt við daglegt mál

- tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni
- notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna
- notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga

Tölur og reikningur

- notað náttúrlegar tölur, raðað þeim og borið saman
- notað tugakerfisrithátt
- reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt
- leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum

Algebra

- kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti

Rúmfræði og mælingar

- notað hugtök úr rúmfræði s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu
- gert óformlegar rannsóknir á tví- og þrívíðum formum, teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu
- unnið með mælikvarða og lögun
- áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða
- speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn
- borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar

Tölfræði og líkindi

- safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið
- talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp einföld myndrit
- tekið þátt í umræðum um gangasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra

Námsefni: *Sproti 2a og 2b, Sproti æfingahefti 2a og 2b*, ýmis hlutbundin gögn (kubbar, málbönd, form og fleira), námsspil, námsleikir á netinu, verkefni frá kennurum og aukaefni eftir þörfum.

Inntak náms og kennslutilhögun: Stærðfræðin er kennd í misstórum hópum, sem ýmist verða getublandaðir, getuskiptir eða aldursblandaðir. Leitast er við að hafa verkefni fjölbreytt svo hver og einn fái að njóta sín og vinna nemendur ýmist einir, í pörum eða í hópum. Unnið er með margvísleg spil og hlutbundin gögn sem þjálfar stærðfræðilega rökhugsun. Lögð er áhersla á umræður um stærðfræðileg efni og að tengja verkefni við umhverfið og daglegt líf nemenda. Haldið er áfram þeirri snemmtæku íhlutun sem hófst í 1. bekk hjá ákveðnum nemendum ef þörf er á. Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta, myndir, töflur og tákn. Einnig tengist *læsi* umræðum um þrautalausnir og önnur stærðfræðileg málefni og færni nemenda til að koma auga á stærðfræði í daglegu lífi.
- *Lýðræði og mannréttindi* og *jafnrétti* tengjast vinnu nemenda með þrautir og spil, hvort sem þeir vinna einir eða með öðrum.
- *Sjálfbærni* tengist tölfræðikönnun sem nemendur gera, þar sem þeir kanna meðal annars flokkun sorps.
- *Heilbrigði og velferð* tengist tjáningu nemenda, að þeir hafi sjálfsöryggi til að ræða um stærðfræðileg málefni og segja frá hvernig þeir fóru að því að leysa þrautir. Tölfræðikannanir nemenda fléttast einnig við *heilbrigði og velferð* því nemendur kanna meðal annars íþróttaiðkun, svefn- og matarvenjur.
- *Sköpun* tengist þrautalausnum nemenda þar sem hver og einn setur fram lausnir sínar með þeim hætti sem honum þykir best. Einnig felst *sköpun* í mynsturgerð, úrvinnslu tölfræðikannana, hlutverkaleik með peninga og rúmmálsverkefnum.

Heimanám: Farið er eftir heimanámsáætlun úr skólanámskrá Dalvíkurskóla en samkvæmt henni skulu nemendur í 2. bekk lesa daglega í lestrarbókum sínum í 10 mínútur að lágmarki og leysa eitt verkefni sem tekur um 15 - 20 mínútur að leysa. Þegar heimanámsverkefnið tengist stærðfræði felur það meðal annars í sér stærðfræðiþrautir, spilastundir, gagnaöflun, munnlega talnavinnu og frekari æfingu á þeim þáttum sem er verið að vinna með í skólanum þá vikuna. Nemendur fá heimanám vikunnar afhent á mánudegi og skila því aftur í síðasta lagi á mánudegi, viku síðar.

Námsmat: Í yngstu bekkjum skólans er námsmat ekki gefið í tölum heldur með skriflegum umsögnum, þar sem hæfniviðmið aðalnámskrár eru höfð að leiðarljósi. Í stærðfræði eru teknar stuttar kannanir í lok hvers kafla í námsbókum og stærri kannanir í lok hvorrar bókar. Kannanirnar eru ýmist verklegar, munnlegar eða skriflegar og eru niðurstöður skráðar í gátlista sem sýnir hvort nemendur hafi náð valdi á ákveðnum stærðfræðiþáttum

eða þurfi að æfa þá betur. Nemendur safna verkefnum í námsmöppu allan veturinn og á haustönn er sérstaklega lagt mat á líðan, hegðun og samskipti nemenda í skólanum.

Náttúrugreinar

Kennarar: Elsa Austfjörð, Harpa Rut Heimisdóttir og Kolbrún Einarsdóttir

Vikustundir: Náttúrugreinar eru kenndar í tengslum við byrjendalæsisramma sem bjóða upp á þá vinnu.

Hæfniviðmið: Stefnt er að því að nemendur geti:

Geta til aðgerða

- sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- í máli og myndum miðlað hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum
- notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í textaskrifum
- gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana

Vinnubrögð og færni

- sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni
- skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim
- útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt
- hlustað á og rætt hugmyndir annarra

Ábyrgð á umhverfinu

- tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð
- nýtt reynslu og hæfni í námi og daglegu lífi, einn og með öðrum
- tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru

Að búa á jörðinni

- sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum
- fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð
- lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks

Lífsskilyrði manna

- útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefnis
- útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannslíkamans
- útskýrt á einfaldan hátt hvernig barn verður til og þekkir einkastaði líkamans
- bent á skaðleg efni og hvernig ýmsir sjúkdómar og sýklar eru smitandi

- lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf

Náttúra Íslands

- sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi
- útskýrt einkenni lifandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi
- lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu
- sagt frá náttúruhamförum sem búast má við á Íslandi og hvar þær verða

Heilbrigði umhverfisins

- fjallað um samspil manns og náttúru
- flokkað úrgang

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

- gert grein fyrir hvernig holl fæða er samsett úr öllum flokkum fæðuhringsins og mikilvægi við geymsluaðferðir

Námsefni: *Komdu og skoðaðu fjöllin, Komdu og skoðaðu land og þjóð, Komdu og skoðaðu Eldgos, Komdu og skoðaðu hafið og ýmsar bækur sem einnig er unnið með í Byrjendalæsi, verkefni frá kennurum og alls kyns ítarefni.*

Inntak náms og kennslutilhögun: Náttúrugreinakennslan er að nokkru leyti samþætt samfélagsgreinum og íslensku því bækur sem teknar eru fyrir í byrjendalæsinu koma oft inn á náttúrutengd efni. Til að mynda verður farið í viðamikil verkefni um fjöll þar sem fjallað verður um myndun þeirra og gerð, hæð yfir sjávarmáli, gróðurfar, dýralíf og fleira. Unnið verður að margskonar verkefnum og athugunum í tengslum við veðurfar og skoðað hvernig náttúran breytist eftir árstíðum. Þar sem Dalvíkurskóli er grænfána skóli er lögð áhersla á að leggja rækt við umhverfi okkar og sýna því virðingu, til dæmis með góðri umgengni og flokkun sorps. Kennslan fer bæði fram innan dyra og úti í náttúrunni. Kennsluaðferðir verða fjölbreyttar, svo sem samlestur, umræður, sýnikennsla, tilraunir, verklegar æfingar, vettvangsferðir, leikir, skrifleg verkefni og hópvinna. Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í kennsluna og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta og myndir sem og færni þeirra til að lesa í náttúruna í vettvangsferðum.
- *Sjálfbærni* tengist umræðum um mikilvægi umhverfisverndar og flokkun sorps og kanna nemendur meðal annars hvers konar úrgangur eyðist á einu skólaári úti í náttúrunni.
- *Lýðræði og mannréttindi* og *jafnrétti* tengjast umfjöllun um gjörðir mannsins sem hafa áhrif á umhverfi okkar og líf, sem og lífsskilyrði annarra lífvera.

- *Heilbrigði og velferð* tengist umfjöllun um mikilvægi þess að hugsa vel um líkama sinn og heilsu, meðal annars með hreyfingu, hreinlæti, nægum svefni og næringarríkri fæðu.
- *Sköpun* tengist verkefnavinnu nemenda, hvort sem hún er skrifleg, myndræn eða verkleg.

Heimanám: Farið er eftir heimanámsáætlun úr skólanámskrá Dalvíkurskóla en samkvæmt henni skulu nemendur í 2. bekk lesa daglega í lestrarbókum sínum í 10 mínútur að lágmarki og leysa eitt verkefni sem tekur um 15 - 20 mínútur að leysa. Þegar heimanámsverkefnið tengist náttúrugreinum felur það meðal annars í sér athuganir, gagnaöflun og lesskilning. Nemendur fá heimanám vikunnar afhent á mánudegi og skila því aftur í síðasta lagi á mánudegi, viku síðar.

Námsmat: Í yngstu bekkjum skólans er námsmat ekki gefið í tölum heldur með skriflegum umsögnum, þar sem hæfniviðmið aðalnámskrár eru höfð að leiðarljósi. Í náttúrugreinum fá nemendur skriflegar umsagnir við lok vetrarannar og vorannar og byggja þær fyrst og fremst á virkni í kennslustundum og verkefnavinnu nemenda. Nemendur safna verkefnum í námsmöppu allan veturinn og á haustönn er sérstaklega lagt mat á líðan, hegðun og samskipti nemenda í skólanum.

Samfélagsgreinar

Kennarar: Elsa Austfjörð, Harpa Rut Heimisdóttir og Kolbrún Einarsdóttir

Vikustundir: Samfélagsgreinar eru kenndar í tengslum við byrjendalæsisramma sem bjóða upp á þá vinnu. Þar að auki eru sérstakir lífsleiknitímar í 60 - 80 mínútur á viku.

Hæfniviðmið: Stefnt er að því að nemendur geti:

Reynsluheimur:

- borið kennsl á gildi s.s. virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi
- lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga
- sagt frá dæmum um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir
- gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni
- áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra
- áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum
- áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna
- bent á dæmi um lýðræðislega þætti í samfélaginu
- bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins

- áttað sig á gildi samhjalpar í samfélaginu
- áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi
- varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu

Hugarheimur:

- sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum
- áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.
- gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna
- sett sig í spor annarra jafnaldra

Félagsheimur:

- tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi
- áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum
- hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti
- áttað sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum
- sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra
- áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna
- sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur
- sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi

Námsefni: *Komdu og skoðaðu land og þjóð*, ýmsar bækur sem einnig er unnið með í Byrjendalæsi, efni tengt Uppbyggingarstefnunni og Olweus áætluninni, verkefni frá kennurum og alls kyns ítarefni.

Inntak náms og kennslutilhögun: Kennsla samfélagsgreina er að nokkru leyti samþætt náttúrugreinum og íslensku því bækur sem teknar eru fyrir í byrjendalæsinu koma oft inn á samfélagsleg málefni, til dæmis vináttu, ólíkar fjölskyldugerðir, framkomu og tilfinningar. Unnin eru margs konar verkefni um Ísland og íslenska þjóð, þar sem meðal annars er fjallað um myndun landsins, landslag, merka staði, þjóðhátíðardaginn, íslenska fánann og stjórnarfar. Í lífsleikni er höfuðáhersla lögð á samskipti og líðan nemenda og stuðst við fjölbreytt námsefni í þeirri viðleitni að efla nemendur bæði sem einstaklinga og hluta af hópi. Á skólaárinu fá nemendur einnig 12 vikna kennslu í ART sem er námskeið í sjálfstjórn, félagsfærni og siðfræðið. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar, svo sem samlestur, hugstormun, umræður, bekkjarfundir, skrifleg verkefni, samvinnunám og leikir. Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í kennsluna og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta, myndir kort og tákn. Einnig fléttast læsi saman við færni nemenda til að greina ólíkar tilfinningar og lesa í samskipti, sögð og ósögð orð, gjörðir og fleira.
- *Sjálfbærni* tengist allri vinnu sem leynt eða ljóst miðar að því að styrkja tilfinningagreind nemenda, gera þá færa í að leysa ágreining og efla samfélagslega ábyrgð þeirra og þátttöku, að þeir skilji til að mynda að þeir eru mikilvægur hluti af hópnum og að gjörðir þeirra og orð hafa ekki einungis áhrif á þá sjálfa heldur einnig aðra.
- *Heilbrigði og velferð* tengist samskiptum, líðan, sjálfsmynd og ýmsum öðrum þáttum sem unnið verður með í lífsleikni, sem og færni nemenda til að tjá sig um skoðanir sínar og tilfinningar.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast umræðum og vinnu í tengslum við Uppbyggingarstefnuna og Olweus áætlunina, til dæmis um þarfirnar, framkomu og einelti.
- *Sköpun* tengist verkefnavinnu nemenda, hvort sem hún er skrifleg, myndræn eða verkleg.

Heimanám: Farið er eftir heimanámsáætlun úr skólanámskrá Dalvíkurskóla en samkvæmt henni skulu nemendur í 2. bekk lesa daglega í lestrarbókum sínum í 10 mínútur að lágmarki og leysa eitt verkefni sem tekur um 15 - 20 mínútur að leysa. Þegar heimanámsverkefnið tengist samfélagsgreinum felur það meðal annars í sér umræður tengdar lífsleikni, lesskilning og hvers kyns skráningar. Nemendur fá heimanám vikunnar afhent á mánudegi og skila því aftur í síðasta lagi á mánudegi, viku síðar.

Námsmat: Í yngstu bekkjum skólans er námsmat ekki gefið í tölum heldur með skriflegum umsögnum, þar sem hæfniviðmið aðalnámskrár eru höfð að leiðarljósi. Í samfélagsgreinum fá nemendur skriflegar umsagnir við lok vetrarannar og vorannar og byggja þær fyrst og fremst á virkni í kennslustundum og verkefnavinnu nemenda. Nemendur safna verkefnum í námsmöppu allan veturinn og á haustönn er sérstaklega lagt mat á líðan, hegðun og samskipti nemenda í skólanum.

Heimilisfræði

Kennari: Ingibjörg R. Kristinsdóttir.

Vikustundir: 60 mínútur aðra hvora viku.

Hæfniviðmið: Stefnt er að því að nemendur geti:

Matur og lífshættir

- tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti
- valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan
- farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif

Matur og vinnubrögð

- útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir
- farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld
- sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi

Matur og umhverfi

- sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni

Matur og menning

- tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og vitihvað er þorramatur og þjóðlegur matur.

Námsefni: Heimilisfræði fyrir byrjendur: *Gott og gaman, Hollt og gott 1*, efni frá kennara og videomyndbönd af Youtube.

Inntak náms og kennslutilhögun: Í heimilisfræðitímum verður unnið með umræður og fræðslu, nemendur gera bæði verklegt, bóklegt úr vinnubók og fá sýnikennslu og yfirleitt eitthvað að smakka. Gengið er út frá að nemendur læri helstu hugtök sem viðkemur í heimilisfræðum og þekki þau áhöld sem notuð eru í eldhúsi. Gert er ráð fyrir að þau lesi og læri að vinna eftir uppskriftum og einnig því sem þau fá að sjá á Youtube. Farið er yfir hvernig við getum verndað umhverfið og hvernig við getum verið hagsýn/hagkvæm, eins og hvernig er hægt að rækta eigin grænmeti og vera sjálfbær. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi skapandi hugsun og komi með hugmyndir og innlegg, að þau læri að vera gagnrýnin á jákvæðan hátt. Einnig að hugur og hönd fái að njóta sín í verklegri vinnu. Unnið er með sköpun þannig að hugmyndir þeirra fái að koma fram og verða af einhverjum afrakstri. Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með uppskriftir, áhorfi á myndefni og fleira.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda og vali nemenda um hvað er matreitt í kennslustundum.
- *Sjálfbærni* tengist umræðum um ýmis málefni í heimilisfræðum, svo sem hvað varðar innkaup og umhverfismál.
- *Heilbrigði og velferð* tengist líðan og þátttöku nemenda í kennslustundum, umfjöllun um nestismál, hollt og gott matarræði, hvað er nægilegt matarmagn í magann. Hvað þarf að borða mikið máltíð og fleira.

- *Sköpun* tengist allri verklegri vinnu, til dæmis að nemendur vandi framsetningu matarins og leggi t.d.snyrtilega á borð og gangi vel frá eftir sig.

Námsmat: Skrifleg umsögn sem byggist á símati þar sem metið er frumkvæði, sjálfstæði, félagsfærni, vinnusemi, tillitssemi, þjónustulund, samvinna, umgengni og afrakstur.

Hönnun og smíði

Kennari: Jóhanna Skaftadóttir.

Vikustundir: 60 mínútur aðra hvora viku.

Hæfniviðmið: Stefnt er að því að nemendur geti:

Handverk

- beitt einföldustu handverkfærum
- þekkt smíðaefni sem unnið er með
- gert sér grein fyrir hvenær frágangur er vandaður

Hönnun og tækni

- teiknað einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar
- unnið einföld verkefni eftir eigin hugmynd
- geti framkvæmt einfaldar samsetningar
- geti bent á tæknifyrirbrigði sem tengjast daglegu lífi

Umhverfi

- verið meðvitaðir um að hægt sé að nýta efni úr nánasta umhverfi og endurnýta efni
- beitt réttum handtökum og einföldustu handverkfærum

Námsefni: Unnið eftir hugmyndum sem kennari leggur fram. Hugmyndir koma héðan og þaðan, oft sprottnar af samræðum við nemendur. Efni sem unnið er með er trjágreinar, unnið timbur svo sem fura, krossviður og MDF, fjörusteinar, málning og litir.

Inntak náms og kennslutilhögun: Nemandi læri að þekkja verkstæðið og læri rétt handtök við beitingu helstu handverkfæra svo sem útsögunarsagar, lítillar sagar, þjalar, rasps, hamars og sandpappírs. Nemandi sækir sér efni, hannar og útfærir lítinn hlut úr trjágrein, MDF og steinum í samvinnu við hannyrðir. Nemandi gerir einfalda teikningu af hlutum, útfærir og smíðar undir leiðsögn. Fleiri verkefni unnin að vali nemenda innan ákveðins vinnuramma sem miðast við færni hvers og eins. Læri að fylgja vinnureglum á vinnusvæði og sýni þeim skilning út frá öryggissjónarmiði. Læri að sýna vinnu annarra virðingu.

Nemandi teikni hugmynd sína að smíðahlut í tvívídd og vinni í þunnan krossvið, furu og birki. Fengist verður við myndgerð og neglingu í samhengi. Verkefni verða unnin í samvinnu við textílmennt. Samvinna við bekkjarkennara um verkefni sem tengjast samfélagsfræði ef því er að skipta.

Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *læsi*, tengist því að sjá fyrir um framvindu verkefna, umhverfis- og tæknilæsi.
- *Sjálfbærni*, kemur inn á endurnýtingu og nýtingu efnis sem aflað er í nærumhverfi.
- *lýðræði og mannréttindi*, tengjast samvinnu og stuðnigi nemenda hver við annan.
- *Sköpun*, er ríkur þáttur í allri verkefnavinnu, teikningum og útfærslu verkefna.
- *heilbrigði og velferð*, tengist sjálfstæði sem nemendur öðlast í verkefnagerð og ánægju með vel heppnaða afurð.

Námsmat: Metnir verða eftirfarandi þættir: hugmyndaauðgi og hönnun, hegðun, verkfærni og vandvirkni, iðni og afköst.

Námsmat er afhent 2 sinnum yfir veturinn sem skrifleg umsögn.

Sjónlistir

Kennari: Skapti Runólfsson.

Vikustundir: 60 mínútur aðra hvora viku.

Námsefni: Notast verður við bækurnar Myndmennt 1 og 2 ásamt Markviss Myndörvun. Til hvatningar og myndörvunar eru m.a. skoðaðar bækur, sýnd myndbönd ásamt því að nota netið áður en hafist er handa við myndsköpunina.

Inntak náms og kennslutilhögun: Megintilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir. Kennt er með sýnikennslu verkefni kynnt og sýnd og um þau rætt. Einnig er stuðst við myndbönd og bækur. Nemendur vinna ákveðin skylduverkefni auk frjálsra verkefna með mismunandi efnum og litum og áhöldum. Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í kennsluna og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta og myndum. Nemendur fá tækifæri til að lesa úr umhverfi sínu ásamt að lesa og túlka myndmál úr listaverkum.
- *Sjálfbærni* tengist umfjöllun um umhverfisvernd og endurvinnslu á efnum til listsköpunar. Auka skilning á eigin vistspori, vistspori samfélaga og þjóða stuðlar að sjálfbærri þróun og hófsemi.
- *Jafnrétti*. Tengist umfjöllum um tækninýjungar sem hafa breytt lífi manna eða lífríki náttúrunnar. Einnig tengjast þessir grunnþættir umfjöllum um gjörðir mannsins sem hafa áhrif á umhverfi okkar og líf. Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla eru skýr ákvæði um að á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. sé lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu.
- *Lýðræði* er mikilvægt á vettvangi skólans. Í fyrsta lagi þurfa skólar að taka mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi.
- *Heilbrigði*. Í skólum þarf að skapa jákvæðan skólabrag og heilsueflandi umhverfi þar sem markvisst er hlúð að þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum.
- *Sköpun* Í sköpun felst að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika.

Heimanám: Ekkert.

Námsmat: Námsmat er byggt á símati, gátlistum og er skipt í eftirfarandi þætti: Afurð (verkefni), hegðun/framkoma, vandvirkni, iðni/afköst, sjálfstæði í vinnubrögðum. Námsmat er afhent 2 sinnum yfir veturinn sem skrifleg umsögn.

Textílmennt

Kennari: Ásrún Ingvadóttir.

Vikustundir: 36 mínútur á viku.

Hæfniviðmið: Stefnt er að því að nemendur geti:

Handverk, aðferðir og tækni

- notað einfaldar aðferðir greinarinnar
- unnið eftir einföldum leiðbeiningum

Sköpun, hönnun og útfærsla

- tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skyssu
- skreytt textíl á einfaldan hátt

Menning og umhverfi

- sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt
- notað ný og endurunnin efni

Námsefni: Ull, léreft, tróð, garn, filt, jafi, nál og ýmsir hlutir úr náttúrunni.

Inntak náms og kennslutilhögun: Megintilgangur list- og verkgreina er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkfærni, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar og margar ólíkar tjáningarleiðir.

Nemendur vinna með ull, læra að fingraprjóna, kynnast eiginleikum ullarinnar og fá fræðslu um hvernig kemban og lopinn sem við vinnum með verður til. Nemendur sækja köngla og greinar í skógarreitinn sem þau nota síðan í verkefni. Ull er t.d. þæfð utan um köngla. Önnur verkefni er að búa til eitthvað þar sem nemendur þurfa að klippa filt sauma saman með nál og skreyta, læra einföld útsaumsspor.

Grunnþættir menntunar eru hafðir að leiðarljósi þegar verkefnin eru skipulögð.

- *Læsi* felst í því að sjá fyrir um framvindu verkefna og hvaða tækifæri eru í umhverfinu.
- *Sjálfbærni* kemur inn á nýtingu efnis sem aflað er í umhverfinu og endurnýtingu.
- *Lýðræði og mannréttindi* tengjast samvinnu og stuðningi nemenda hvert við annað.
- *Sköpun* er ríkur þáttur í allri verkefnavinnu, teikningum og útfærslu verkefna.
- *Heilbrigði og velferð* tengist sjálfstæði sem nemendur öðlast í verkefnagerð og ánægju með vel heppnaða afurð.

Námsmat: Námsmat er byggt á símati nemenda og er skipt í eftirfarandi þætti:

Afurð (verkefni), hegðun/framkoma, vandvirkni, iðni/afköst og sjálfstæði í vinnubrögðum. Námsmat er afhent 2 sinnum yfir veturinn sem skrifleg umsögn.

Tónmennt

Kennari: Kristjana Arngrímsdóttir.

Vikustundir: 60 mínútur aðra hvora viku. Tónmennt í 2. bekk er á vegum tónlistarskóla Dalvíkur.

Hæfniviðmið: Stefnt er að því að nemendur geti:

- þekkt nokkur hljóðfæri
- leikið einfaldan rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri
- tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/ hljóðverk
- geint einföld stílbrigði í tónlist
- rætt um eigin tónlist og annara út frá smekk og upplifun

Námsefni: Bækur um tónlist, hlustunarefni, veraldarvefurinn, skólahljóðfæri o.fl. sem til fellur.

Inntak náms og kennslutilhögun: Íslensk tónlist kynnt og sungin. Textar lærðir. Leikir og dans notuð sem tjáningarform. Einföld slagverkshljóðfæri kynnt og notuð. Hljóðfæri kynnt og hlustað á tóndæmi. Áhersla á hlustun og sköpun. Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *læsi* tengist vinnu nemenda með söngtexta.
- *sköpun* tengist tjáningu, einfaldri tónsköpun og upplifun af hvers konar tónlist
- *Lýðræði og mannréttindi* og *jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda og vali nemenda um hvað hvað er hlustað á , sungið og skapað í kennslustundum.
- sjálfbærni tengist umræðum og söngvum um umhverfið.
- *Heilbrigði og velferð* tengist tjáningu nemenda, að hafa sjálfstraust til að koma fram bæði í söng og tjáningu.

Námsmat: Jákvæðni, virkni og þátttaka metin til einkunnar. Námsmat er afhent 2 sinnum yfir veturinn sem skrifleg umsögn.

Upplýsinga- og tæknimennt

Kennari: Guðný Sigríður Ólafsdóttir

Vikustundir: 60 mínútur.

Hæfniviðmið: Stefnt er að því að nemendur geti:

Vinnulag og vinnubrögð

- nýtt upplýsingaverið til gagns og ánægju
- nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi
- gert sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði
- nýtt sér gagnvirk efni til að öðlast grunnfærni í fingrasetningu
- nýtt upplýsingaverið til stuðnings við annað nám

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- nýtt sér rafrænt og gagnvirk námsefni
- leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu

Tækni og búnaður

- notað hugbúnað/forrit við einföld ritunarverkefni

Sköpun og miðlun

- notað hugbúnað/forrit til sköpunar

Siðferði og öryggismál

- farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun

Námsefni: Gagnvirk námsefni á mms.is og skolavefurinn.is ásamt kennsluforritum eins og Glói geimvera, Bogi blýantur, Snót og Snáði, Gralli gormur o.fl. Ýmis fríforrit á netinu. Grunnur í forritun, Scratch Junior og fleiri forrit. Ýmis smáforrit í spjaldtölvum. Word og Power Point. Fingrafimi á mms.is.

Inntak náms og kennslutilhögun: Í upphafi er lögð áhersla á að gera nemendur sjálfbjarga í að umgangast og vinna á tölvur og er læsi í sínum víðasta skilningi mikilvægur þáttur í því. Kennslustundir í tölvustofu eru þannig uppbyggðar að í upphafi kynnir kennari verkefni stundarinnar á skjávarpa og leiðir nemendur síðan áfram í vinnunni. Unnið verður í ýmsum kennsluforritum, gjarnan í samstarfi við aðra kennara og eftir getu hvers og eins nemanda. Val innan ákveðins ramma verður þegar þannig stendur á. Nemendum er kynnt fingrasetning og hún þjálfuð í gagnvirkum kennsluforritum. Þegar líður á veturinn verður lögð áhersla á vinnu í ritvinnsluforriti og á interneti. Upplýsinga- og miðlalæsi nemenda verður einnig þjálfað með notkun spjaldtölva í öðrum kennslustundum í samráði við aðra kennara. Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* er undirstaða alls náms. Í því felst að nemendur séu virkir þátttakendur í að vinna með og túlka eigin merkingu og bregðast við á persónulegan og skapandi hátt. Lögð er rík áhersla á að þróa læsi í víðum skilningi. Megináhersla er á sviði upplýsinga-, miðla- og menningarlæsi ásamt því að stuðla að almennri og góðri tæknifærni/tæknilæsi.

- *Sjálfbærni.* Að temja sér gott siðferði í vinnu með upplýsingar, vinnubrögð og meðferð gagna og tækja er í takti við kröfur um sjálfbærni í samfélaginu og er stór þáttur í upplýsinga- og tæknimennt.
- *Heilbrigði og velferð.* Í þverfaglegu námi fær nemandi góða innsýn í mikilvægi þess að vera vel upplýstur um þátt heilbrigðis í lífi og starfi og tengsl þess við velferð og lífsgæði.
- *Lýðræði og mannréttindi.* Að vera upplýsingalæs er ein af grunnstoðum þess að geta verið virkur þjóðfélagsþegn í lýðræðisþjóðfélagi og standa vörð um hvers konar mannréttindi og koma sjónarmiðum sínum þar af lútandi á framfæri á fjölbreyttan hátt.
- *Jafnrétti.* Að öðlast hæfni á sviði upplýsinga- og tæknimenntar er grunnur að jafnrétti og tryggir nemanda sömu tækifæri til náms óháð líkamlegri getu, kyni, búsetu eða tegund náms. Tæknin og læsið veita nemandanum sveigjanleika í námi, ýmist í staðbundnu námi eða fjarnámi, og mætir þannig þörfum hans með fjölbreyttum leiðum.
- *Sköpun.* Að veita nemendum tækifæri til sköpunar bæði í huglægu og hlutlægu námi er stór þáttur í upplýsinga- og tæknimennt. Sköpun byggist á gagnrýnni hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið ekki síður máli en afrakstur verksins. Að skapa er að fara út fyrir hið þekkt og þar með auka þekkingu og leikni. Þó að sköpun sé nátengd listum og menningu er hún grunnþáttur sem stuðlar að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi.

Heimanám: Ekki er reiknað með heimanámi í þessari grein en heimanám í íslensku eða stærðfræði gæti tengst ákveðnum forritum á nams.is, eða með notkun ritvinnsluforríta.

Námsmat:

- Leiðsagnarmat í Mentor á haustönn þar sem áhersla er á samskipti og hegðun í kennslustundum.
- Umsögn á vetrarönn/vorönn þar sem virkni, áhugi, færni og hegðun eru metin.
- Nemendur safna verkefnum í möppu allan veturinn þegar það á við.

Dans

Kennari: Ása Fönn Friðbjarnardóttir.

Vikustundir: 60 mínútur.

Hæfniviðmið: Stefnt er að því að nemendur geti:

- hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama
- dansað einföld hreyfimylnstur og notað þau í paradönsum, barnadönsum
- tekið þátt í skapandi dansferli með jafningjum undir leiðsögn kennara
- tengt saman hreyfingu og tónlist í dansi

Markmið: Að örva líkams- og hreyfiproska í takt við tónlist. Kunna mun á hæri og vinstri, fram, aftur, hæl og tá. Hlusta og gera greinarmun á tónlist með mismunandi hraða og áherslum. Að örva og þroska líkamsvitund, líkamslæsi og hreyfigreind einstaklingsins. Hlúa að og örva hreyfi- og rýmisgreind og félagsþroska og veita einstaklingum þannig aukið tækifæri til að þroska og mennta. Efla/þjálfa aga, áræðni, samhæfingu, kjark, færni, samvinnu, kurteisi, tillitssem og líkamsreisn.

Námsefni: Bækur um dans, hlustunarefni, veraldarvefurinn, myndefni o.fl. sem til fellur.

Inntak náms og kennslutilhögun: Kennslan byggist á að kenna einföld hreyfimylnstur í dönsum. Örva hömlulausa líkamstjáningu við tónlist. Þjálfa taktskyn. Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist umfjöllun um hinar ýmsu merkingar og reglur. Nemendur þurfa að hlusta á og lesa ólík fyrirmæli.
- *Sjálfbærni* tengist almennt góðri umgengni í Íþróttamiðstöðinni.
- *Heilbrigði og velferð* tengist ýmsum þáttum sem rætt er um t.d. mikilvægi hreyfingar, rétttrar líkamsstöðu. Umræða um samskipti og líðan.
- *Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti* tengist ýmiss konar hópdönsum, paradönsum og umfjöllun um samskipti.
- *Sköpun* birtist í hinum ýmsu dönsum. Freestyle dans og semja dans.

Heimanám: Ekki er um eiginlegt heimanám að ræða heldur fá nemendur tilmæli um að vera t.d. duglegir að æfa sig heima.

Námsmat: Námsmat er símat þar sem kennari metur nemendur jafnóðum. Námsmat er afhent 2 sinnum yfir veturinn sem umsögn.

Skólaíþróttir

Kennarar: Heiðar Davíð Bragason, Helena Frímannsdóttir og Sólveig Lilja Sigurðardóttir.

Vikustundir: 2x60 mínútur.

Hæfniviðmið: Stefnt er að því að nemendur geti:

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- gert æfingar sem reyna á þol
- sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu
- sýnt nokkra boltafærni
- tekið þátt í leikjum í vatni
- synt bringusund og fótatök í skriðsundi og skólabaksundi með eða án hjálpartækja
- kafað eftir hlut

Félagslegir þættir

- farið oftast eftir leikreglum
- skilið einföld skipulagshugtök

Heilsa og efling þekkingar

- útskýrt líkamlegan mun á kynjum
- þekkt heiti nokkra líkamshluta
- ratað um skólahverfið sitt og þekkt helstu göngu- og hjólaleiðir nærumhverfis
- gert einfaldar talningar í leikjum og æfingum
- tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum

Öryggis- og skipulagsvenjur

- farið eftir umgengnisreglum

Námsefni: Áhöld og tæki íþróttamiðstöðvar s.s. boltar, bekkir, dýnur, keilur, mörk, rimlar, kaðlar, smááhöld, flár, sundblöðkur, kútar, flotstangir, hringir, köfunardót o.fl.

Inntak náms og kennslutilhögun:

Meginmarkmið skólaíþróttar er að örva skyn- og hreyfiproska hvers nemenda, auka þrek hans og afkastagetu og stuðla þannig að heilbrigði og velferð einstaklingsins. Markmiðið er einnig að gera nemendur það vel synda að þeir geti bjargað sjálfum sér og öðrum á sundi og að nemendur fræðist um gildi sundiðkunar með tilliti til almennrar líkams- og heilsuræktar.

Íþróttakennslan byggist upp á ýmsum leikjum, boltaleikjum, áhaldaleikfimi, stöðvahringjum og teygjum. Reynt er að hafa íþróttakennsluna fjölbreytta og er mikil áhersla lögð á nám í gegnum leik. Áhersla er einnig lögð á jákvæðan aga og að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Innlögn verkefna fer yfirleitt fram yfir allan hópinn og síðan vinna nemendur ýmist einir, í pörum eða hópum. Í *sundi* er reynt að miða kennsluna við getu og þarfir hvers nemenda. Verkefni eru lögð fyrir yfir allan hópinn eða í litlum hópum (fyrirmæli við hverja braut). Yfirleitt er einn kennari upp á bakka og annar ofan í laug. Meginmarkmið skólasunds í 2. bekk er áframhaldandi vatnsaðlögun. Komið er inn á

fótatök og notkun handa í bringusundi, skriðsundi, skólabaksundi og baksundi, tækni við öndun, köfun, stungur og spyrna í bakka.

Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist umfjöllun um hinar ýmsu merkingar og reglur. Nemendur þurfa að hlusta á og lesa ólík fyrirmæli og þeir skrá niður árangur t.d. í stöðvaþjálfun.
- *Sjálfbærni* tengist meðferð áhalda og tækja og umgengni. Við viljum að hlutirnir endist.
- *Heilbrigði og velferð* tengist ýmsum þáttum sem rætt er um t.d. mikilvægi hreyfingar, sturtu og þrifnaðar, mikilvægi þess að kunna að synda, einnig tengist þessu umræða um samskipti og líðan.
- *Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti* tengist ýmiss konar hópleikjum, umfjöllun um samskipti, ólíkar íþróttagreinir, karla og kvennaíþróttir og þátttöku fatlaðra í tímum.
- *Sköpun* birtist í hinum ýmsu þrautum og leikjum t.d. myndastyttuleik, í frjálsum leik og þegar nemendur setja upp þrautabrautir.

Heimanám: Ekki er um eiginlegt heimanám að ræða heldur fá nemendur tilmæli um að vera t.d. duglegir að hreyfa sig heima, gera teygjur, æfa sig að gera beygja-kreppa-sundur-saman og borða hollan mat.

Námsmat: Námsmat er símat þar sem kennarar meta nemendur jafnóðum. Nemendur fylla einnig út sjálfsmatsblað að vori sem sett er í sýnimöppu þeirra.

Íþróttir: Námsmat er afhent 3 sinnum yfir veturinn sem umsögn. Á haustönn er *færni, viðhorf og hegðun* metin, á vetrarönn eru *þol, liðleiki og virkni* skoðuð og á vorönn eru metnir þættir eins og *færni í leikjum, hreysti, viðhorf og hegðun, virkni og færni í leikfimi*. Auk þessa er um almennar umsagnir að ræða sem koma inn á framkomu í tímum, ástundun og almenna hreyfifærni.

Sund: Námsmat er afhent 2 sinnum yfir veturinn sem umsögn. Á haustönn eru *færni, viðhorf og hegðun* skoðuð og á vorönn fá nemendur umsögn sem kemur inn á atriði eins og áhuga og virkni í tímum, hegðun og sundfærni. Einnig eru samræmd markmið fyrir 2. bekk metin með umsögninni: *Markmiði náð- framvinda góð- þarfnast frekari þjálfunar*. Samræmd markmið fyrir 2. bekk eru:

- Marglyttuflot með því að rétta úr sér
- 10 m. bringusund með eða án hjálpartækja
- 10 m. skólabaksunds fótatök með eða án hjálpartækja
- Spyrna frá bakka og renna með andlit í kafi, að lágmarki 2,5 metra
- Hoppa af bakka í laug.

- 8 m. skriðsundsfótatök armar teygðir fram.
- Kafa eftir hlut.